

Breyting á menningardagskrá í upphafi árs 2022

Málsaðili : Garðabær
Tengiliður :
Dagsetning : 17.01.2022
Númer : 2201286
Flokkur :

Efni :
Vegna hertra sóttvarnaraðgerða hefur öllum menningarviðburðum í upphafi árs 2022 sem auglýstir eru í dagskrárbæklingi Menningar í Garðabæ verið frestað.
Eftirtöldum viðburðum frestað:

- Við langeldinn/Við eldhúsborðið sem styrkt er að Barnamenningarsjóði: Kertasmiðja í Hönnunarsafni og upplestur og í kjölfarið teiknismiðja á Bókasafni Garðabæjar.
- Tónlistarnæring: Hádegistónleikum í byrjun janúar með Gadus Morhua og tónleikum með tenórsöngvaranum Gissuri Páli í byrjun febrúar.
- Klúbbastarf og viðburðir fyrir fullorðna á Hönnunarsafni og Bókasafni Garðabæjar.
- Opnunardegi sýningarinnar SUND í Hönnunarsafni.
- Vetrarhátíð í Garðabæ: fyrirlestrar, fjölskylduviðburðir, tónlistarviðburðir, fræðsluganga og viðburðir í tengslum við útilistaverk.

Menningarfulltrúi undirbýr eftirtalda þætti sem sýndir verða á vefjum Garðabæjar til að koma til móts við fólk í samkomutakmörkunum:

- Útsaumskennsla Sunnu Örlygsdóttur fatahönnuðar en námskeið hennar í vinnustofudvöl í Hönnunarsafni hafa vakið athygli. Kennd verða einföld spor og aðferðir sem áhugasamir geta spreytt sig á heima.
- Þjóðfræðingurinn Dagrún Ósk Jónsdóttir sem hefur leitt smiðjur verkefnisins Við langeldinn/Við eldhúsborðið segir frá lífi barna á landnámsöld á fræðandi og skemmtilegan hátt. Þættirnir gætu einnig nýst nemendum í leik- og grunnskólum.
- Arkitektúr Högnu Sigurðardóttur sem nú er skráður og varðveittur í Hönnunarsafni Íslands til umfjöllunar með arkitektum en sérstaklega talað um hönnun hennar á sundlaug í tengslum við sýningu og rannsóknir á Hönnunarsafni.
- Tónlistarþáttur með Gissuri Páli sem er einn besti söngvari landsins og sérlega lifandi í framkomu.

Fleiri þættir gætu orðið að veruleika ef samkomutakmarkanir verða framlengdar en gerum þó ráð fyrir að í byrjun mars verði viðburðir komnir í eðlilegt horf. Systurnar Þóra Einarsdóttir sópransöngkona og Gunnhildur Einarsdóttir hörpuleikari munu þá halda tónleika í tónlistarskóla Garðabæjar þann 2. mars, 6. mars fara fram tóvinnusmiðja fyrir alla fjölskylduna í Hönnunarsafni og rúnagerð þann 19. mars á Bókasafni Garðabæjar.

